

Skilmálar um eiginleika InControl Touch Pro og Pivi Pro Gildir frá og með 29.09.2025

Í þessum skilmálum merkir „við/okkur/okkar“ Jaguar Land Rover Limited (fyrirtækjanúmer 1672070) með skráðar skrifstofur við Abbey Road, Whitley, Coventry, CV3 4LF).

1. Um þessa skilmála

Eftirfarandi skilmálar og skilyrði („**skilmálar**“) gilda um ökutæki sem búin eru InControl Touch Pro eða Pivi Pro og ná yfir upplýsinga- og afþreyingarkerfið, tengda þjónustu og eiginleika hugbúnaðaruppfærslu (þar á meðal allur hugbúnaður, myndir, texti, gögn og annað efni sem myndar hluta af eða tengist þessum eiginleikum) („**eiginleikar**“). Athugaðu að mögulega eru ekki allir eiginleikar í boði í ökutæki þínu, þar sem það fer eftir tæknilýsingum fyrir gerð og land ökutækisins. Hafðu samband við viðurkenndan söluaðila til að fá upplýsingar.

Þú gætir verið beðin(n) um að samþykka frekari skilmála og persónuverndarstefnur fyrir endanlega notendur þegar þú notar ákveðna eiginleika, til dæmis eiginleika sem fást í gegnum valda utanaðkomandi þjónustuaðila okkar eða sem veita þér aðgang að öppum eða efni á netinu (t.d. InControl Touch Pro „Live“ þjónustan).

Fyrir InControl Touch Pro gilda skilmálar þriðja aðila um leiðsögn og Gracenote miðla. Þú getur lesið það hér:

- <https://legal.here.com/terms>
- <https://legal.here.com/privacy>
- Sjá handbók eiganda ökutækisins fyrir notkunarskilmála fyrir Gracenote miðla.

Fyrir Pivi Pro gilda skilmálar utanaðkomandi þjónustuaðila um leiðsögn og tengingu við farsímakerfi (þar á meðal stefnan um sanngjarna notkun). Þú getur lesið það hér:

- <https://legal.here.com/terms>
- <https://legal.here.com/privacy>
- <https://move.tatacommunications.com/terms-and-conditions>
- <https://move.tatacommunications.com/policies/privacy>

Með því að nota eiginleikana samþykkir þú þessa skilmála og skilmála veitenda eiginleikanna og samþykkir persónuverndarstefnur veitenda eiginleikanna. Lestu þá vandlega. **Einkum viljum við draga athygli þína að ákvæðum 2 (SIM-kort og gagnanotkun), 7 (Gagnanotkun og persónuvernd) og 8 (Takmörkun á skaðabótaábyrgð) hér að neðan.**

Til að uppfylla lagalegar kröfur á viðkomandi stað geta fjarskiptafyrirtæki á sumum mörkuðum krafist þess að þú ljúkir við rafræna auðkenningu til að virkja SIM-kortið sem fylgir frá verksmiðju.

MIKILVÆGT:

- Þú berð ábyrgð á því að tryggja að allir einstaklingar sem þú leyfir að nota ökutækið séu meðvitaðir um þessa skilmála og noti eiginleikana í samræmi við þessa skilmála.
- Þessir skilmálar eiga einnig við um þig ef þú notar ökutæki með eiginleikunum sem er hluti af „flota“, jafnvel þótt þú hafir ekki persónulega keypt eða leigt ökutækið eða gerst áskrifandi að eiginleikunum. Floti er hópur ökutækja sem er viðhaldið, eru í eigu eða leigð af fyrirtæki eða annarri stofnun og ekki af einstaklingi eða fjölskyldu. Til dæmis getur þetta falið í sér leigt ökutæki sem þú færð frá bílaleigu, ökutæki sem þú færð frá vinnuveitanda, eða ökutæki sem þú færð frá okkur eða viðurkenndum söluaðila á tímabundnu láni.
- Þessir skilmálar gilda um allan aðgang og notkun á eiginleikunum, hvort sem það er með SIM-korti sem fylgir frá verksmiðju, ísettu SIM-korti (þar sem við á) eða ef þú tengist í gegnum þráðlaust net.

Ef þú hefur einhverjar spurningar um þessa skilmála skaltu hafa samband við viðurkenndan söluaðila.

2. SIM-kort og gjöld vegna gagnamagns

- 2.1 Þú þarft SIM-kort (Subscriber Identity Module) og samning um gagnamagn til að nota ákveðna eiginleika og virkni (til dæmis Wi-Fi tengireit, InControl Touch Pro vefvafra og „Live“ þjónustuna, þar sem við á). SIM-kortið í ökutækinu verður að vera fyllilega starfhæft og viðkomandi eiginleikar eða virkni starfar mögulega ekki ef SIM-kortið er skemmt, það fjarlæggt eða ranglega sett upp.
- 2.2 SIM-kortið gæti fylgt ökutækinu (hvort sem það er innbyggt í ökutækið eða til ísetningar í rauf fyrir SIM-kort) eða sérstaklega keypt og sett í af þér, allt eftir tæknilýsingu fyrir gerð og land ökutækis þíns.
- 2.3 Ef SIM-kortið fyrir raufina er upprunalegt og fylgir ökutækinu og þú kýst að setja annað SIM-kort í staðinn, berð þú ábyrgð á öllum gjöldum vegna gagnamagns fyrir notkun á því SIM-korti.
- 2.4 Þú berð ábyrgð á öllum gjöldum frá netveitu og vegna gagnamagns sem tengjast SIM-kortinu og notkun á eiginleikunum (eftir upphaflegt ókeypis reynslutímabil eða gagnamagn sem fylgir, þar sem við á). Þetta gæti falið í sér gjöld frá netveitu vegna alþjóðlegs gagnareikis. Tengistillingar í ökutækinu gera þér kleift að virkja eða afvirkja tengingu við farsímagögn fyrir gagnamagnssamning þinn - vinsamlegast athugaðu

þessar stillingar ef þú vilt forðast kostnað vegna alþjóðlegs gagnareikis. Það hefur ekki áhrif á hugbúnaðaruppfærslur.

2.5 Ef þú hefur sjálf(ur) útvegað SIM-kortið skaltu fjarlægja það ef þú átt ekki lengur ökutækið eða ert ekki að nota það lengur. Ef þú gerir það ekki muntu áfram bera ábyrgð á gjöldum vegna gagnamagns (ef um þau er að ræða) vegna notkunar á eiginleikunum í ökutækinu.

2.6 Sending gagna í gegnum SIM-kortið sem fylgir frá verksmiðju á sér stað um farsímakerfi sem eru undir umsjá og stjórn fjarskiptafyrirtækja sem valin eru af okkur („MNO þjónustuaðila“), annaðhvort beint eða í gegnum viðurkenndan aðila á staðnum sem MNO þjónustuaðili hefur samning við. MNO þjónustuaðilinn starfar sem fjarskiptaþjónustuaðili fyrir eiginleikana. Þú þarft að samþykka skilmála hans og skilyrði fyrir notkun á farsímanetkerfum. Fyrir Pivi Pro þýðir þetta skilmálar og skilyrði netveita í ákvæði 1 hér að ofan. Fyrir InControl Touch Pro þýðir þetta skilmálar og skilyrði netveita sem þú samþykkir þegar þú skráir þig og virkjar SIM-kort í rauf fyrir SIM-kort í ökutækinu þar sem stuðningur er fyrir slíkt.

3. Notendareikningar og áskriftir

3.1 Til að nota ákveðna eiginleika og virkni þarftu fyrst (a) að setja upp reikning (til dæmis InControl reikning eða Touch Pro leiðsagnarreikning) og (b) gilda áskrift (áskrift er réttur þinn til aðgangs og notkunar á tengdum eiginleikum í ákveðinn tíma).

3.2 Upprunalegt áskriftartímabil er innifalið þegar ökutæki eða valpakki er upphaflega keyptur, allt eftir eiginleikum og tæknilyðingum fyrir gerð og land ökutækis þíns. Til að halda áfram að nota viðkomandi eiginleika eftir upprunalegt áskriftartímabil muntu þurfa að endurnýja áskriftina og greiða viðeigandi gjöld fyrir endurnýjun. Frekari upplýsingar um upprunalega áskrift og hvernig á að endurnýja má fá hjá viðurkenndum söluaðila.

3.3 Þú berð ábyrgð á að segja upp reikningi þínum ef þú átt ökutækið ekki lengur eða notar það ekki lengur (til dæmis ef þú selur ökutækið, leigusamningur rennur út eða ökutækið týnist eða er stolið). Þú ættir að fjarlægja forstillingar þínar og reikning úr ökutækinu, fjarlægja reikning þinn og afvirkja farsímagögn í tengistillingum ökutækisins.

3.4 Þú berð ábyrgð á að halda reikningsupplýsingum þínum réttum og uppfærðum og að gæta öryggis og trúnaðar um innskráningarupplýsingar þínar. Að því undanskildu þegar misbresturinn er okkar munum við ekki bera ábyrgð á óheimilum aðgangi að og notkun á reikningi þínum eða eiginleikum.

3.5 Í kjölfar þess að áskrift þín rennur út eyðum við mögulega öllum skráum og gögnum í fórum okkar eða undir stjórn okkar sem tengjast þér, án skaðabótaskyldu gagnvart þér.

4. Hugbúnaðaruppfærslur

- 4.1 Í þessum skilmálum merkja „**hugbúnaðaruppfærslur**“ hugbúnaðaruppfærslur samkvæmt OTA-staðlinum fyrir InControl Touch Pro, Pivi Pro eða önnur kerfi ökutækisins sem hægt er að hala beint niður í ökutækið til að viðhalda eða breyta þessum kerfum eða til að bæta eiginleika og getu ökutækis þíns.
- 4.2 Þegar ökutækið er tengt eru hugbúnaðaruppfærslur í boði endrum og eins fyrir kerfi ökutækis þíns. Þú getur gáð að tiltækum hugbúnaðaruppfærslum í stillingum ökutækisins eða við getum haft frumkvæði að þeim.
- 4.3 Það fer eftir gerð hugbúnaðaruppfærslna, tæknilýsingum ökutækis þíns og þörfum viðkomandi markaðar en hægt er að sækja hugbúnaðaruppfærslur og setja þær upp sjálfkrafa, eða þú getur haft val um að gera það síðar eða hafna uppfærslunni.
- 4.4 Vinsamlegast kynntu þér eftirfarandi mikilvæga skilmála fyrir hugbúnaðaruppfærslur.
- (a) Það fer eftir tæknilýsingu ökutækis þíns, en hægt er að sækja hugbúnaðaruppfærslur í gegnum innbyggt SIM-kort ökutækisins, SIM-kort sem er ísett í rauf fyrir SIM-kort (þar sem við á) eða með Wi-Fi tengingu. Vinsamlegast athugaðu að hugbúnaðaruppfærslur í gegnum SIM-kort sem ekki er innbyggt í ökutækið frá verksmiðju getur haft í för með sér gjöld vegna gagnamagns SIM-kortsins (þar sem við á).
 - (b) Við uppsetningu á ákveðnum tegundum hugbúnaðaruppfærslna getur sum virkni og þjónusta (til dæmis neyðarhringing, sérsniðin vegaaðstoð, viðvörðun og ákveðnir eiginleikar InControl Remote appsins) verið tímabundið afvirkjuð. Þú ættir aðeins að velja uppsetningu á þessum hugbúnaðaruppfærslum þegar þú þarft ekki að aka ökutækinu og því er lagt og á öruggum og tryggum stað.
 - (c) Hugbúnaðaruppfærslur eru mögulega ekki rétt uppsettar ef ökutæki þitt er með óstaðlaðan hugbúnað eða vélbúnað,
 - (d) Hugbúnaðaruppfærslur munu yfirskrifa núverandi hugbúnað í ökutækinu. Þetta getur einnig átt við um allan óstaðlaðan hugbúnað frá þriðja aðila í ökutækinu.
 - (e) Ef þú hefur einhverjar spurningar eða vandamál í tengslum við hugbúnaðaruppfærslur skaltu hafa samband við viðurkenndan söluaðila.
- 4.5 Ef þú ert með flotaökutæki skaltu athuga að eigandi flotans gæti haft sína eigin skilmála og skilyrði, stefnur eða verklag sem gæti haft áhrif á notkun þína á hugbúnaðaruppfærslum. Það er á þína ábyrgð að biðja um upplýsingar hjá eiganda flotans um notkun á hugbúnaðaruppfærslum í flotaökutæki þínu.
- 4.6 Til að veita þér hugbúnaðaruppfærslur söfnum við mögulega og vinnum með gögn úr ökutæki þínu, eins og skráningarnúmer ökutækis og upplýsingar um staðsetningu. Slík

gögn verða almennt notuð til að ákvarða fánleika og/eða hæfi þitt fyrir hugbúnaðarfærslur á markaði þínum eða verða á annan hátt útlistuð sem hluti af útgáfunni.

5. Efni og þjónusta þriðja aðila

5.1 Pivi Pro og InControl Touch Pro veita þér aðgang að ákveðnu efni og þjónustu þriðju aðila í gegnum eiginleikana í ökutæki þínu (til dæmis „Live“ í InControl Touch Pro). Við höfum valið og munum veita aðgang að efni og þjónustu þessa þriðja aðila viðskiptavinum okkar til hagsbóta.

5.2 Efni og þjónusta þriðja aðila er veitt af völdum utanaðkomandi þjónustuaðilum okkar. Efni og þjónusta þriðja aðila getur heyrt undir skilmála og skilyrði og persónuverndarstefnu viðkomandi þriðja aðila (sem er ekki hluti af þessum skilmálum). Þar sem við á muntu þurfa að lesa og samþykkja þau til að fá aðgang og nota efni og þjónustu þess þriðja aðila. Til að nota samfélagsmiðlaeiginleika þarftu til dæmis þinn eigin reikning hjá viðeigandi samfélagsmiðlaveitu og að samþykkja skilmála og persónuverndarstefnur hennar.

5.3 Við berum ekki ábyrgð á neinni tilhögun eða samningum á milli þín og efnis- og þjónustuveitu þriðja aðila og þú gerir slíka samninga alfarið á þína eigin áhættu og kostnað. Til dæmis berð þú ábyrgð á öllum greiðslum vegna appa frá þriðju aðilum sem þú kýst að sækja eða gerist áskrifandi að.

5.4 Val á efni og þjónustu þriðja aðila sem er í boði fyrir ökutæki þitt getur breyst endrum og eins. Við áskiljum okkur rétt til að breyta, fresta, fjarlægja eða afvirkja aðgang að efni og þjónustu þriðja aðila, hvenær sem er og án fyrirvara.

5.5 Endrum og eins gætum við boðið uppfærslur fyrir efni og þjónustu frá þriðja aðila sem getur krafist þess að þú samþykkir nýja eða uppfærða skilmála og skilyrði og persónuverndarstefnur frá þeim þriðja aðila.

6. Notkun á eiginleikunum

6.1 Við bjóðum eiginleikana aðeins til heimilisnota eða innanhússnotkunar af fyrirtæki þínu í tengslum við ökutækið. Eiginleikarnir skulu aðeins notaðir í tilætluðum tilgangi þeirra og ekki til endursölu. Þú mátt ekki heimila neinum að nota eiginleikana á neinn hátt sem:

- (a) er ólöglegur, bannaður eða takmarkaður í landi þar sem þú hyggst nota eða ert að nota eiginleikana (til dæmis þar sem notkun á staðsetningarupplýsingum með öryggismyndavélum er ekki leyfð),
- (b) er óöruggur eða stofnar þínu öryggi, öryggi farþega þinna eða annarra einstaklinga í hættu,

- (c) veldur tjóni á öðrum ökutækjum, gögnum, hugbúnaði, tækjum, tölvukerfum eða netkerfum,
- (d) við leyfum ekki eða brýtur gegn hugverkaréttindum (þar á meðal hugverkaréttindum utanaðkomandi þjónustuaðila).

6.2 Til viðbótar við skilyrðin í ákvæði 6.1 mátt þú ekki nota InControl Touch Pro vefvafrann:

- (a) á nokkurn hátt sem gæti valdið eða veldur skemmdum, afvirkjar, setur of mikið álag á, hamlar eða stofnar kerfum eða öryggi okkar eða netveita okkar í hættu, eða truflar aðra netnotendur, eða
- (b) fyrir neina skráardeilingu („P2P“), bit torrent eða vefselsnet, amasendingar, sendingar á óumbeðnum fjöldapóstum eða skilaboðum í auglýsingaskyni, til að viðhalda nokkurs konar tölvupóstspjóni eða á nokkurn hátt sem felur í sér að veita einhverja þjónustu sem leyfir aðgang að opinberri IP-tölu eða veffangi.

6.3 Þú berð ábyrgð á fara að öllum gildandi umferðarlögum og góðu aksturslagi í tengslum við notkun þína á eiginleikunum.

6.4 Við kappkostum að tryggja að eiginleikarnir séu í boði og starfi rétt, en við getum ekki ábyrgst að eiginleikarnir (eða nein virkni þeirra) verði villulausir eða ávallt í boði, eða að leyft sé að nota þá samkvæmt lögum í öllum löndum. Til dæmis, þegar InControl Touch Pro vefvafrinn er í notkun, birtast sum vefsvæði mögulega ekki eða starfa rétt í gegnum skjá ökutækisins.

6.5 Fáanleiki og virkni sumra þátta eiginleikanna fer eftir drægni viðkomandi farsímakerfis og öðrum þáttum sem eru ekki undir okkar stjórn. Til dæmis er nettenging mögulega ekki í boði á afskekktum eða lokuðum svæðum og hindranir eins og hæðir, háar byggingar og göng eða afkastageta nets geta haft áhrif á hana. Enn fremur geta eiginleikarnir verið háðir truflunum eða niðurtíma stöku sinnum vegna nauðsynlegs viðhalds eða breytinga, en við munum ávallt reyna að lágmarka ófáanleika af völdum þessa.

6.6 Við getum ekki ábyrgst að leiðsagnarupplýsingar eða efni (t.d. kort, öryggismyndavélar, hraðatakmarkanir eða umferðarupplýsingar) séu réttar, tæmandi eða uppfærðar. Þetta er þér til hægðarauka en þú ert áfram ábyrg(ur) fyrir því að fara að umferðarlögum, þar á meðal umferðarmerkjum og hraðatakmarkunum.

6.7 Við áskiljum okkur rétt til að breyta, fresta, fjarlægja eða afvirkja aðgang að einhverjum eiginleikum eða virkni, hvenær sem er og án fyrirvara. Til dæmis getur þetta verið nauðsynlegt til að framkvæma nauðsynlegt viðhald á kerfum sem stjórna eiginleikunum, af öryggisástæðum, ef lög krefjast þess eða ef við bjóðum ekki lengur upp á ákveðna eiginleika eða virkni í þínu landi eða til viðskiptavina okkar almennt.

6.8 Það er á þína ábyrgð að eyða öllum persónuupplýsingum, efni og öðrum gögnum sem þú gætir hafa geymt í ökutækinu þínu, að því marki sem eiginleikarnir og búnaður

ökutækisins leyfir, áður en þú flytur eignarhald ökutækis þíns eða skilar leigðu ökutæki til upprunalegs eiganda þess. Til dæmis getur þú notað stillingar vefvafrans til að eyða eftirlæti þínu, vafrasögu þinni og öllum vafrakökum sem geymdar eru í InControl Touch Pro vefvafranum.

- 6.9** Þú berð ábyrgð á notkun á virkninni 'muna eftir mér' sem á við um ákveðna eiginleika. Þessi virkni gerir þér kleift að vera áfram skráð(ur) inn í ökutækið svo aðgangur að eiginleikunum sé þægilegri. Vinsamlegast athugaðu að á meðan þessi virkni er virk geta aðrir einstaklingar sem eru að nota ökutækið skoðað vistaðar stillingar þínar, eiginleika og persónuupplýsingar í ökutækinu og notað eiginleikana eins og um þig væri að ræða. Þú skalt tryggja að slökkt sé á virkninni 'muna eftir mér' ef þú vilt ekki að aðrir notendur hafi aðgang. Þegar þú átt ekki lengur eða notar ekki ökutæki þitt (til dæmis ef þú selur ökutækið, leigusamningur rennur út eða ökutækið týnist eða er stolið) verður þú að tryggja að slökkt sé á virkninni 'muna eftir mér' og/eða að þú hafir skráð þig út úr eiginleikunum.
- 6.10** Við berum ekki ábyrgð á neinum vefsvæðum þriðju aðila, efni eða gögnum sem þú kýst að hafa aðgang að á internetinu með InControl Touch Pro vefvafranum og þú gerir það á þína eigin ábyrgð. Þessi vefsvæði nota mögulega vafrakökur eða álíka tækni. Þér er ráðlagt að lesa og tryggja að þú sért sátt(ur) við alla skilmála og skilyrði, persónuverndarstefnur og vafrakökustefnur fyrir þau vefsvæði þriðju aðila sem þú heimsækir.
- 6.11** Notkun á ákveðnum eiginleikum (til dæmis InControl Touch Pro vefvafranum) er mögulega takmörkuð þegar ökutækið er á hreyfingu.
- 6.12** Hvað varðar InControl Touch Pro eru sumir eiginleikar (eins og Wi-Fi tengireitur) mögulega ekki í boði á meðan neyðarhringingarþjónusta eða sérsniðin vegaaðstoð er í notkun og í þrjátíu mínútur eftir að neyðarhringing og hringing eftir sérsniðinni vegaaðstoð er á enda.

7. Notkun upplýsinga og persónuvernd

- 7.1** Allur aðgangur að gögnum og notkun þeirra fer fram í samræmi við löggjöf um gagnavernd, þar með talið en ekki takmarkað við almennu persónuverndarreglugerðina
- 7.2** Við notumst við persónuupplýsingar samkvæmt skilmálum InControl persónuverndarstefnunnar, sem finna má á eftirfarandi veffangi: <https://incontrol.jaguar.com/jaguar-portal-owner-web/about/privacy-policy/ISL> eða <https://incontrol.landrover.com/jlr-portal-owner-web/about/privacy-policy/ISL>.
- 7.2** Innan Evrópusambandsins gætir þú átt rétt á að óska eftir aðgangi að sumum gögnum í vörslu JLR og/eða ökutækis þíns samkvæmt lögum ESB um gagnavernd („lögin“). Notandi (samkvæmt skilgreiningu í lögnum) getur beðið um aðgang að, eða eyðingu á, upplýsingum sínum með því að hafa samband við þjónustumiðstöð JLR (CRC) á sínum markaði, en upplýsingar um hana má finna á [www.JLR.com] eða hjá

JLR söluaðilum. Ef þú hefur rétt á að leggja fram beiðni samkvæmt lögnum munu ýmsir þættir hafa áhrif á það hvaða gögn JLR getur veitt, en upplýsingar um það er hægt að nálgast með því að hafa samband við JLR. Athugaðu að vegna laga- og reglugerðarskyldu getur JLR aðeins veitt tiltekna viðkvæmar upplýsingar og gögn (svo sem ferðaupplýsingar og staðsetningargögn) sem svar við beiðni þinni ef:

(a) Þú ert eigandi ökutækisins að lögum eða hefur þegar lagalegan rétt á að nota ökutækið samkvæmt fjárhagssamningi og/eða kaupleigu; OG

(b) Þú ert skráð(ur) inn í ökutækið með sérstökum InControl-reikningi sem er aðeins notaður af þér; OG

(c) Þú deilir ekki ökutækinu með þriðja aðila sem notar það einnig EDA þú hefur fengið samþykki þriðja aðila sem hefur notað ökutækið þitt á að þessi viðkvæmu gögn sem kunna að hafa verið búin til þegar viðkomandi notaði tæki (svo sem ferðaskráningar og staðsetningarupplýsingar) séu veitt.

8. Takmörkun skaðabótaskyldu

8.1 Ef þú ert neytandi hefur þú lagalegan rétt í tengslum við þjónustu sem ekki er innt af hendi af sanngjarnri hæfni og gaumgæfni eða hugbúnað sem er gallaður eða ekki samkvæmt lýsingum. Upplýsingar um lagalegan rétt þinn má fá hjá Neytendastofu. Ekkert í þessum skilmálum hefur áhrif á þennan lagalega rétt.

8.2 Ekkert í þessum skilmálum skal takmarka eða útiloka skaðabótaskyldu vegna dauðsfalla eða persónulegs líkamstjóns sem rekja má til vanrækslu okkar, svika eða sviksamlegra rangfærslna eða nokkra aðra skaðabótaskyldu sem ekki er hægt að útiloka eða takmarka samkvæmt enskum lögum.

8.3 Að því undanskildu sem kveðið er á um í ákvæði 8.2 eða það sem öðruvísi er kveðið á um í skilmálum gildrar ábyrgðar framleiðanda á ökutækinu, skal hámarks uppsöfnuð skaðabótaskylda okkar gagnvart þér samkvæmt og í tengslum við þessa skilmála og eiginleika (hvort sem er í samningi, í skaðabótarétti (þar á meðal en ekki eingöngu vanræksla), vegna brots á lögbundinni skyldu eða annars) takmarkast við upphæð sem jafngildir því sem þú hefur greitt okkur fyrir eiginleikana.

8.4 Að undanskildu því sem kveðið er á um í ákvæði 8.2 eða það sem öðruvísi er kveðið á um í gildri ábyrgð framleiðanda á ökutækinu, berum við enga skaðabótaskyldu þegar um er að ræða:

(a) tjón eða skemmdir sem eru ekki fyrirsjáanlegar. Tjón eða skemmdir eru fyrirsjáanlegar ef þær voru augljósar afleiðingar misbrests okkar eða voru fyrirséðar af þér og okkur á þeim tíma sem þú keyptir ökutækið eða þann aukahlutapakka sem innihélt eiginleikana,

- (b) allt rekstrartengt tap sem verður samkvæmt þessum skilmálum eða í tengslum við eiginleikana (þar á meðal en ekki eingöngu tap á hagnaði eða tekjum, tap á viðskiptum, truflun á viðskiptum eða tap á viðskiptatækifærum), eða
- (c) allt óbeint eða afleitt tap.

8.5 Þessir skilmálar kveða að fullu á um skyldur okkar og skaðabótaskyldu með tilliti til veitingar á eiginleikunum. Að því undanskildu sem beinlínis er kveðið á um í þessum skilmálum, eru engin skilyrði, ábyrgð, framsetning eða aðrir skilmálar, beinir eða óbeinir, sem eru bindandi fyrir okkur. Öll skilyrði, ábyrgð, framsetning eða aðrir skilmálar er varða veitingu á eiginleikunum sem gætu á annan hátt verið gefnir í skyn eða innlimaðir í þessa skilmála, hvort sem er í reglugerðum, dómaframkvæmd eða á annan hátt, eru útilokaðir að því marki sem leyfilegt er samkvæmt lögum.

8.6 Við munum ekki bera skaðabótaskyldu eða ábyrgð á misbresti við að veita eiginleikana eða á öðrum hliðaráhrifum notkunar þinnar á eiginleikunum vegna athæfis eða atburðar sem er ekki undir sanngjarnri stjórn okkar, þar á meðal án takmarkana á misbresti eða truflun á opnu eða lokuðu fjarskiptaneti eða internetinu.

9. Slit eða tímabundin lokun

9.1 Þú getur valið að hætta notkun á eiginleikunum hvenær sem er, hins vegar geta ákveðnar hugbúnaðaruppfærslur verið áfram virkar, en það fer eftir tæknilýsingum ökutækisins. Til að afvirkja tengingu við farsímagögn fyrir gagnasamning þinn skaltu nota tengingarstillingar ökutækisins.

9.2 Ef þú uppfyllir ekki þessa skilmála gætum við tafarlaust slitið eða lokað reikningi/reikningum þínum tímabundið, áskrift(um) og/eða aðgangi að virkni eiginleikanna án fyrirvara til þín.

10. Aðrir mikilvægir skilmálar

10.1 Við gætum gert breytingar á eiginleikunum og/eða þessum skilmálum frá einum tíma til annars vegna: breytinga hjá veituaðilum eiginleikanna, á þjónustu þeirra eða skilmálum og skilyrðum, stjórnsýslulegra breytinga eða lagabreytinga, endurbóta eða breytinga á eiginleikunum og/eða breytinga á persónuverndarverklagi og notkunar á gögnum í tengslum við eiginleikana. Við munum ávallt reyna að tryggja að allar breytingar hafi ekki í för með sér efnislegt óhagræði fyrir þig. Það fer eftir breytingunni en mögulega getur þú ekki notað viðkomandi eiginleika þar til þú hefur sett upp hugbúnaðaruppfærslu og/eða samþykkt alla nýja skilmála og skilyrði sem gilda.

10.2 Ef við þurfum að hafa samband við þig munum við nota þær samskiptaupplýsingar sem þú hefur látið í té hjá þeim viðurkennda söluaðila sem þú keyptir ökutækið af.

- 10.3 Þú munt ekki sem þriðji aðili njóta góðs af neinum samningum á milli okkar og veituaðila eiginleikanna.
- 10.4 Öll hugverkaréttindi til eiginleikanna eru í eigu okkar eða veituaðila eiginleikanna eða veitt okkur eða veituaðilum eiginleikanna. Þér eru veitt leyfi til að nota eiginleikana (ekki seldir) og þú hefur engin réttindi til eða í þeim, nema að því leyti sem kveðið er á um í þessum skilmálum.
- 10.5 Þú mátt aðeins framselja réttindi þín eða skyldur samkvæmt þessum skilmálum til annars einstaklings ef við samþykkjum það skriflega. Við gætum framselt réttindi okkar og skyldur samkvæmt þessum skilmálum en þetta mun ekki hafa áhrif á réttindi þín samkvæmt þessum skilmálum.
- 10.6 Þessir skilmálar munu gilda áfram svo lengi sem þú notar eiginleikana.
- 10.7 Hvert ákvæðanna í þessum skilmálum gildir óháð öðrum. Ef dómstóll eða þar til bært yfirvald úrskurðar að eitthvert þeirra standist ekki lög eða ekki er hægt að framfylgja því, munu eftirstandandi ákvæði vera áfram í fullu gildi.
- 10.8 Ef við krefjumst þess ekki að þú uppfyllir einhverjar af skyldum þínum samkvæmt þessum skilmálum, eða ef við framfylgjum ekki réttindum okkar gagnvart þér, eða töf verður á því, þýðir það ekki að við höfum afsalað réttindum okkar gagnvart þér og það þýðir ekki að þú þurfir ekki að uppfylla þær skyldur þínar. Ef við afsölum misbresti þínum gagnvart þessum skilmálum, munum við aðeins gera það skriflega og það þýðir ekki að við munum sjálfkrafa afsala frekari misbresti af þinni hálfu.
- 10.9 Ef þú ert neytandi skaltu athuga að þessi samningur á milli þín og okkar heyrir undir ensk lög. Það þýðir að allur ágreiningur eða kröfur vegna eða í tengslum við þessa skilmála munu heyra undir ensk lög. Báðir aðilar, þú og við, samþykkja að dómstólar í Englandi og Wales muni hafa almenna lögsögu.
- 10.10 Ef þú ert fyrirtækjaviðskiptavinur heyra þessir skilmálar, efni þeirra og framsetning (og allur ósamningstengdur ágreiningur eða kröfur) undir ensk lög. Báðir aðilar samþykkja almenna lögsögu dómstóla í Englandi og Wales.